



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hólaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	4
2.1	Lóudeild	4
2.2	Spóadeild	7
2.3	Krummadeild	9
2.4	Matsáætlun	11
3	Ytra mat	12
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	12
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	12
6	Foreldrasamvinna	13
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
8	Fylgigögn	
8.1	Leikskóladagatal	



Leiðarljós leikskólans: Kennum gott með góðu

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið í Hólaborg síðastliðinn vetur var ólíkt öllu því sem við þekkjum í leikskólastarfinu. Verkfall Eflingar og langveikindi starfsmanna hafði þau áhrif að Hólaborg var lokuð á meðan á verkfallsaðgerðum stóð. Við sem vorum í vinnu nýttum tímann í að skipuleggja nýtingu húsnæðis og leikefnis. Einnig fórum við í skoðunarferðir í alla leikskólana í Seljahverfi.

Kórónaveiran setti allt hefðbundið starf úr skorðum. Töluverð orka fór í að innleiða öðruvísi starfsaðferðir og að fara eftir nýjum reglum. Einnig voru mikil langveikindi hjá starfsmönnum á árinu og fólk frá störfum vegna áhættusmits. Þrátt fyrir það stóð sterkur hópur uppi og hélt starfinu gangandi af miklum sóma og æðruleysi. Ég horfði með hrifningu á starfssystur mínar endurtaka þrif, halda fjarlægð og ganga milli herbergja með fangið fullt af leikefni dag eftir dag. En um leið missti fólk ekki sjónar á því mikilvægasta að stuðla að því að gera daga barnanna í leikskólanum áhyggjulausa og gleðilega.

Við innleiðingu menntastefnu var áherslan þetta árið á sjálfræði og það er óhætt að segja að þar hafi kórónaveiran haft áhrif. Dregið var verulega úr þeim námsleiðum sem hafa þýðingu fyrir menntun barnanna í sjálfræði og sumir starfshættir alveg felldir út úr daglegum venjum. Skráningar hafa verið í stöðugri þróun og eru nú orðnar fastur liður í starfinu og stendur til að hafa þær í símati auk flæðis. Við höldum áfram að þróa og dýpka skilning á flæði og á starfsdegi vorum við með fræðslu og samræður um hugmyndafræði þess og skipulögðum verklagið hjá okkur. Einnig fengum við námskeið um kennslufnið *Lubbi finnur málbein*. Við urðum allar sem ein heillaðar af Lubba og munum við fara í innleiðingu á þessu námsefni núna í haust.

Á árinu útskrifaðist yfirmaður eldhúss sem matartæknir, einn starfsmaður lauk fyrsta ári í leikskólakennaranáminu, tveir luku fagnámskeiði Eflingar og einn hóf nám í leikskólaliðanum. Í haust verða þrír starfsmenn í námi í leikskólakennarafræðum. Á árinu var farið yfir gátlista fyrir menntastefnuna og fyrir heilsueflandi Breiðholt og námskráin borin saman við þá.

Samstarfshópurinn Blómstrin nýttu þróunarstyrk til að hanna og gera tvö myndbönd um hagnýtar aðferðir til eflingar sjálfræðis barna. Þessi myndbönd hafa verið þýdd á bæði ensku og pólsku og eru nú opin öllum inni á vef menntastefnunnar. Þriðja myndbandið er í vinnslu núna. Við munum halda áfram samstarfi við Engjaborg, Funaborg og Sunnufold við innleiðingu á menntastefnu og verður félagsfærni tekin fyrir næst. Sótt var um styrk til að fara í þá vinnu en til stendur að hafa ráðstefnu og vinnustofur fyrir starfsfólk þessa leikskóla.

Blómstrin eða þessi sami hópur sótti einnig um styrk í ERASMUS + í þeim tilgangi að þróa þekkingu stjórnunar og kennslufræði og efla leiðtogaþæfni. Hópurinn fékk fjármagnsstyrk fyrir 43 starfsmenn til að sækja 4 námskeið í þremur löndum.



Á komandi starfsári verður haldið áfram að kenna og bjóða upp á leiðir sem efla sjálfræði hjá börnum og starfsfólki. Samkvæmt matsáætlun starfsáætlunar 2019 – 2020 stóð til að meta þætti sjálfræðis en vegna fordæmalausra áskorana stóðst það ekki og munum við því halda inni sömu matsþáttum á komandi starfsári fyrir utan einn nýjan þátt sem bætist við og einn sem tókst að meta. Það vill svo til að matsþættirnir tengjast sjálfræði beint og því hentugt eftir þessar hörmungar á árinu að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Innra mat síðasta árs fylgir starfsáætlun komandi árs með smávægilegum breytingum. Áður en kemur til þess að endurmeta á komandi starfsári verður fengin fræðsla fyrir starfsfólk á tilgangi endurmats og umbótaráætlana með það markmið í huga að starfsfólk öðlist skilning á mikilvægi innra mats, framkvæmd þess og verði tilbúið til að meta út frá þeim þáttum sem lagt var upp með á árinu. Einnig að umbótaráætlun verði markviss og að lögð verði áhersla á að matsþættir séu fáir og farið verði dýpra í úrvinnsluna. Skipulag viðburða með foreldraráði var endurmetið og hefur það verið tekið út úr matsáætlun. Þessi þáttur var metinn af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og foreldrafélagi og búin var til skrá um viðburði og aðkomu að þeim.

Það er áfram á áætlun næsta árs að útbúa nýja matsáætlun til þriggja ára. Einnig þarf að skipuleggja betur samstarf við grunnskólann. Af ýmsu er að taka en að lokum vil ég nefna að Hólaborg og Suðurborg starfa saman í starfshóp sem vinnur nú að tillögum um að efla samstarf skólanna með teymisstjórnun í huga.

Annars verður áfram markmið alls starfs á deildum að efla gott þróunarstarf og spýta í lófana þar sem þarf, vera óhrædd við að prófa nýjar leiðir og ný verkefni sem gera fagstarfið betra og stuðla þannig að vellíðan allra barna í Hólaborg.

2 Innra mat

2.1 Lóudeild

Greinargerð deildarstjóra

Aðlögun nýrra barna á haustönn gekk vel. Í júní byrjaði eitt barn, í ágúst og september komu inn tólf ný börn, eitt barn byrjaði í nóvember og eitt í janúar. Í upphafi skólaársins einbeittum við okkur að því að kynnast börnunum og foreldrum þeirra og lögðum mikla áherslu á að börnin yrðu örugg í leikskólanum og gætu verið þau sjálf. Við tókum ekki þátt í flæði milli deilda og söngfundum fyrstu mánuðina til þess að börnin yrðu alveg örugg á deildinni áður en þau færu um allan leikskólann. Aðlögun gekk svo vel að börnin voru mjög fljótt tilbúin að taka þátt og þegar að því kom voru börnin orðin mjög örugg og tilbúin að skoða leikskólann.

Aldursbil barnanna var svipað og árið á undan, tveir árgangar 2018 (8 börn) og 2019 (7 börn). Í ágúst og fram í desember lögðum við mikla áherslu á frjálsan leik, börnin voru að læra

samhliða leik og samleik með öðrum börnum, samskipti og fleira sem lærist í frjálsum leik. Í nóvember byrjuðum við með hópastarf tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, og hreyfistundir á miðvikudögum en varð þó lítið úr því vorið 2020 vegna verkfalls og samkomubanns. Börnunum var skipt í þrjá hópa eftir aldri. Í hópastarfinu unnum við með þemað „líkaminn“. Elstu börnin unnu með einfalda útgáfu af könnunaraðferð og gerðu ýmis verkefni tengd líkamanum. Í hreyfistundum var annað hvort hreyfing innan leikskólans eða gönguferðir og öll börnin fengu að taka þátt óháð aldri. Einnig gripum við tækifærið þegar veðrið var gott og fórum í gönguferðir.

Lestrarstundir áttu að fara fram einu sinni á dag en vegna mismunandi vistunartíma barna gekk erfiðlega að finna tíma svo allir fengju lestur við hæfi, stefnt er að því að bæta það eins og fram kemur í umbótaáætlun. Á deildinni er lögð mikið áhersla á málörvun í leik og daglegu starfi, bæði með lestri bóka, söngvum og spjalli um daginn og veginn og bækur eru alltaf aðgengilegar börnunum. Verkefnunum „bókin heim“ og „bókin að heiman“ var ekki sinnt.

Skráning í ferilmöppur gekk hægar en áætlað var og stefnt er að því að bæta það svo öll börn eigi fleiri skráningar í ferilmöppunni sinni.

Í daglegu starfi er gefinn tími til þess að sinna daglegum þörfum hvers og eins án nokkurs asa. Mikill tími er gefin til að læra sjálfræði, hvort sem það er við matarborðið, í fataherbergi eða annarsstaðar og mikil áhersla er á að börnin reyni að gera sjálf. Börnin fá að leika sér frjálst og ráða með hvað þau leika og leikefni sem hentar þeirra aldri er í aðgengilegri hæð og þau geta náð í það sjálf.

Þáttur barna Lóudeildar í endurmati á starfi deildarinnar og leikskólans er að starfsfólk fylgist með virkni barnanna og tilfinningum þeirra gagnvart því sem metið er. Ef börnin eru virk í starfinu og glöð og ánægð teljum við að þeim líki það sem fram fer.

Í foreldrasamtölum bæði að hausti og vori kom fram almenn ánægja foreldra með starfið á deildinni og að börnin væru ánægð í leikskólanum.

Umbótaþættir Lóudeildar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel

						tókst að ná markmiði.
Leikskráning	Að öll börn eigi leikskráning	Grípa tækifærin þegar þau gefast. Gera skipulag fyrir hvern mánuð og gera starfsfólk ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum og fylgja því eftir.	Allt árið	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Rýnihópar	Leikskráningin í ferilmöppu m allra barnanna á deildinni
Frjáls leikur og starf	Að starfsfólk taki þátt í leikjum og starfi til að aðstoða börnin við að þróa leikinn og kveiki á hugmyndum	Með því að vera á gólfinu með börnunum og fylgjast með börnunum, taka virkan þátt og aðstoða þau við að bæta leikinn.	Allt árið	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Rýnihópar	
Lestur	Að það sé lesið fyrir öll börn amk einu sinni á dag	Finna stundir þar sem hægt er að lesa fyrir börnin. Finna leiðir til að lesa fyrir öll börn.	Allt árið	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Rýnihópar	
Hreyfing	Efla hreyfiproska og grófhreyfingar	Skipuleggja hreyfistundir einu sinni í viku. Þrautabrautir, leikfimi, gönguferðir o.fl.	Allt árið	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Rýnihópar	
Mat barna	Að börnin fái að	Fylgjumst með virkni				



	meta starfið	barna og tilfinningum þeirra gagnvart því sem verið er að meta.				
--	-----------------	--	--	--	--	--

2.2 Spóadeild

Greinagerð deildarstjóra Spóadeildar

Ég tók við deildinni síðasta sumar og gengu skiptin vel fyrir sig. Aðlögun barna á milli deilda sem og nýrra barna gekk einnig vel. Við ákváðum að gefa okkur góðan tíma í að kynnst börnunum áður en við byrjuðum hópastarfið. Hópastarfið var ansi stopult á deildinni í vetur og margt sem mætti betur fara. Stefnt er að því að koma hópastarfinu í betra horf á næsta skólaári.

Börnin fóru nokkrum sinnum í sögustund á bókasafninu fyrir áramót. Bókasafnsferðirnar eru mikil upplifun fyrir börnin og munum við halda þeim áfram. Verkefni leikskólans „Bókin að heiman“ og „Bókin heim“ var ekki sinnt á þessu skólaári. Gott væri að endurvekja þau á næsta skólaári. Þessi verkefni ýta undir lestur barna bæði heima og í leikskólanum.

Hlutverk sem börnin hafa fengið að sinna s.s umsjónarmaður, snyrtimeistari, endurvinnari og bókaormur féllu alveg niður í vetur. Stefnt er að því að endurvekja hlutverkinn næsta vetur þar sem mikilvægt er að börn fái hlutverk, tækifæri til að æfa samvinnu og bera ábyrgð.

Frjálsi leikurinn var í hávegum hafður en þó með þeim hætti að skipta börnunum niður í minni hópa, börnin flæða svo á milli svæða eins og þeim hentar. Ég tel frjálsa leikinn afar mikilvægan og hef ætíð lagt mikla áherslu á hann. Það gekk vel í vetur og nutu börnin sín í leik.

Til að byrja með voru ferilmöppur aðgengilegar börnunum en það þurfti að bakka með það og færa þær ofar þar sem ekki gekk nógu vel að kenna börnunum að ganga vel um þær. Börnin fengu þó alltaf að skoða möppuna sína þegar þau vildu. Í vor voru möppurnar færðar aftur niður þar sem þær voru aðgengilegar og gekk það miklu betur. Börnin sýna möppunum sínum mikinn áhuga og hafa gaman af því að skoða þær. Deildarstjóri sá að mestu um að útbúa skráningar og setja í möppur og passa upp á að öll börn fengju nýjar skráningar.

Umbótaþættir Spóadeildar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Innileikskráningar	Að bæta og fjölga innileikskráningum	Grípa tækifærið þegar það gefst. Gera skipulag fyrir hvern mánuð. Gera starfsfólk ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum. Fá kennslu á skráningarforritið. Stuðningur frá deildarstjóra	Allt árið	Allt starfsfólk deildarinnar	Skráningar og rýnihópar. Á deildarfundum	Öll börn eigi leikskráningu í ferilmöppu.
Hlutverk	Virkja og sinna öllum 4 hlutverkum barnanna á deildinni. (umsjónarmaður,	Skilgreina hvert hlutverk fyrir sig og hvað við viljum ná fram með hverju	Allt árið	Allt starfsfólk deildarinnar	Skráningar og rýnihópar. Á deildarfundum	Öll börn sinni öllum hlutverkunum reglulega yfir veturinn.



	snýrtimeista ri, endurvinnar i og bókaormur)	hlutverki. Útbúa skráningar blað til að merkja við að hlutverkinu hafi verið sinntu				(Skráningar blað)
Bókin að heiman/Bók in heim	Að verkefninu sé sinnt tvisvar sinnum yfir árið (okt/nóv og mars/apr)	Með skráningar blaði. Virkja starfsfólk til að framfylgja verkefninu	Okt/nóv og mars/apr íl	Allt starfsfólk deildarinn ar	Skráningar og rýnihópar. Á deildarfundu m	Öll börn komi með bók tvisvar sinnum á ári og fái lánaða bók 2 sinnum á ári að minnsta kosti (skráningar blað)
Hópastarf	Að hópastarf fari fram 2-3 sinnum í viku yfir veturinn	Skiptum barnahópn um í litla hópa og ákveðum tíma fyrir hópastarf	Allt árið	Deildarstj óri og starfsfólk deildarinn ar	Skráningar og rýnihópar. Á deildarfundu m	Áhugasöm börn sem fá að njóta sín við leik og starf í minni hópum
Hvernig er best að fá upplýsingar frá deildarstjóra	Miðla upplýsingu m til starfsfólks deildarinnar	Nota dagbók deildarinnar meira og hún sé aðgengileg öllu starfsfólki. Starfsfólk biður um skriflegar upplýsinga r.	Allt árið	Deildarstj óri	Rýnihópur. Á deildarfundu m	Aukið upplýsingaf læði milli deildarstjór a og starfsfólks deildarinnar

2.3 Krummadeild

Greinagerð deildarstjóra

Í vetur voru 19 börn á Krummadeild. 13 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015. Börnunum var skipt í þrjá hópa sem völdu sér nöfnin Nammiþópur, Hestahópur og Krummahópur. Í hópastarfinu var unnið töluvert með sögur og sögugerð. Börnin sömdu saman sögu í hópastarfi og útbjuggu svo leikrit sem þau sýndu fyrir öll börn leikskólans. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og börnin undu sér vel í að semja sögu, ákveða hlutverk, finna sér búninga og fleira. Börnin unnu líka verkefni sem æfa stafi, æfðu sig að skrifa nafnið sitt, spiluðu og fleira. Börnin fóru í heimsóknir á bókasafnið fyrir áramót. Eftir áramót litaðist starfið á deildinni töluvert af aðstæðum í þjóðfélaginu. Hópastarfið datt að mestu leiti út og við þurftum að hætta með flæði á tímabili. Við gerðum það besta úr aðstæðunum, lékum okkur inni á deild, fórum í göngutúra og leituðum að böngsum í gluggum, fórum í útibingó í hverfinu og annað sem okkur datt í hug.

Það var mikið sungið á deildinni í vetur og börnin lærðu mörg ný lög og þulur. Börnin æfðu lög fyrir Barnamenningarhátíðina og stóð til að elstu börnin tækju þátt í flutningi á þeim í Hörpunni en því miður féll það niður. Það var því ákveðið að börnin flyttu lögin fyrir foreldra sína við útskriftarathöfnina. Þetta heppnaðist mjög vel og var haft á orði að þetta væri flottasti kór landsins.

Í vetur var áfram unnið með skráningar. Ferilmöppur barnanna voru hafðar aðgengilegar og þau sóttu mikið í að skoða þær, sýna öðrum og spjalla um það sem í þeim var. Við teljum að þetta sé dýrmætt gagn til að fylgjast með þroska, stöðu og framförum barnanna.

Elstu börnin fóru í þrjár heimsóknir í Hólabrekkuskóla. Í fyrstu heimsókninni fengu þau að ganga um allan skólann og skoða hann. Í seinni heimsóknunum fengu þau að vera í skólastofu og vinna þar verkefni og leika sér. Það var ekki farið í heimsókn í frístundaheimilið Álfheima í vetur vegna aðstæðna en það væri gott að bæta úr því næsta vetur. Elstu börnin fóru einnig í íþróttahúsið einu sinni í viku þar sem þau hittu þjálfara og börn af öðrum leikskóla og teljum við að það hafi verið mjög gott fyrir þau. Bæði kynnast þau húsnaðinu, læra að taka þátt í æfingum og leikjum í stórum hópi og við sjáum framfarir í grófhreyfingum. Elstu börnin fóru í útskriftarferð í Viðey, fengu fræðslu um eyjuna, fóru í fjöruna, grilluðu pylsur o.fl.

Foreldrasamtöl voru í október og aftur í apríl. Í samtölunum kom fram almenn ánægja foreldra með starfið á deildinni og þeir töldu að barninu sínu liði vel í leikskólanum.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
--------------------------	------------------------	------------------------	------------	---------------	-----------------------------------	----------------------

Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka lýðræðisvitund	Að börnin axli þá ábyrgð sem þroski og geta leyfi. Þróa samfélagsvitund með áherslu á hjálpssemi. Efla sjálfræði	Þau fái frelsi til að ráðstafa sér í tíma og rými. Velja sjálf viðfangsefni, velja sjálf hvar þau sitja við matarborðið og komi að matseðlaggerð.	Í haust og stefnt er að því að markmiðin náist í vetur	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Dagleg umræða, þekkingarleit bækur sögur og ljóð. Málörvun í öllu starfi. Eftirfylgni	Að allir verði færir um að finna sér stað og hlutverk og leysi vel úr árekstrum.

2.4 Matsáætlun

Matsáætlun Leikskólaárið 2020 - 2021		Áherslupættir: Sjálfsefning, sjálfræði, stjórnendateymi og samstarf.		
Hvað	Hvenær	Hvernig	Hverjir	Ábyrgur
Leið í sjálfræði - þátttaka í daglegu starfi	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok árs	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk og börn	Deildarstjórar

Leið í sjálfræði – ábyrgð	Janúar-Febrúar	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk og börn	Deildarstjórar
Skráningar	Haust 2020	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar	Leikskólastjóri Deildarstjórar
Sjálfsfelling - Endurmat barna	Nóvember 2020	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk og börn	Matsnefnd og Deildarstjórar
Innlögn á Lubba-námsefni	Vor 2021	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk og börn	Matsnefnd

3 Ytra mat

Ekkert ytra mat var gert í Hólaborg

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða í september og í framhaldi af því verða svo stutt svokölluð ör-samtöl reglulega yfir árið.

Fræðsla og símenntun tekur mið af áherslum námskrár, umbótaáætlunar og menntastefnu með áherslu á sjálfsfellingu og félagsfærni. Auk þess verður óskað eftir að fá fræðslu inn á deildarfundum um endurmat og gerð umbótaráætlunar.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna sem eru í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum. Elstu börnin fara í heimsóknir í kennslustundir, frímínútur og í íþróttahúsið. Leikskólinn fær svo einnig heimsóknir grunnskólabarna í gamla leikskólann sinn. Að vori er skilafundur þar sem deildastjóri elstu barna fer og hittir kennara fyrsta bekkjar og þar eru ræddar þarfir og staða

barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum.

Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Hólabrekkuskóla inn í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörnin. Önnur verkefni sem við vonumst eftir að verði á næsta ári eru

- Í grunnskólanum verði valgrein um að koma inn í leikskólann og starfa með leikskólabörnunum.
- Ljóðaverkefni í tengslum við barnamenningarhátíð

Hólaborg er einnig í samstarfi við ÍR og fara elstu börnin í íþróttasalinn við Austurberg einu sinni í viku.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börnin sín svo þeir geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu og starfsfólk getur fengið fyrstu upplýsingar um barnið eins og áhugasvið. Foreldrar velja hvort fyrstu kynni fara fram á heimili barnsins eða í leikskólanum. Þeir fá afhentan bæklinginn „Velkomin í leikskólann“, hagnýtar upplýsingar um leikskólann og upplýsingar um dagskipulag Hólaborgar.

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun, þá eru foreldrar með barninu sínu fyrstu þrjá dagana og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans, sýna því hvernig það hefur hagað hlutunum og segja frá styrkleikum barnsins og þörfum. Ef fleira en eitt barn er í aðlögun í einu kynnast foreldrar hvor öðrum og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist á sex til átta vikna fresti allan veturinn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa skóla og frístundasviði umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur

umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

Foreldrafélag

- Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið kynnt.
- Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra.
- Haust-foreldrasamtöl eru á öllum deildum í okt. og nóv. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsáætlun og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir TRAS, Efi 2 og Hljóm 2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns.
- Vor-foreldrasamtöl eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Þá er lögð áhersla á að foreldrar allra barna komi. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins.
- Vor-foreldrasamtöl fyrir elsta árganginn er í apríl. Farið er yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.
- Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið sveitaferð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaball, leikhús og hoppukastalar. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum. Einnig hefur leikskólinn notað síðuna til að setja inn skoðanakannanir og spurt foreldra álits. Sem dæmi á afmælisreglum, heimasíðu og litadögum.

Samskipti í fjölbreyttu umhverfi Hólaborgar

Mikilvægt er að leita lausna í samskiptum á milli fjölskyldna sem ekki eiga sameiginlegt tungumál og stuðla að auknum samskiptum þeirra á milli og þannig auka skilning á mögulegum menningarmun. Lögð er áhersla á opin samskipti dagsdaglega, hlustum á skoðanir foreldra, hvetjum til þátttöku í innra mati. Upplýsingar fara á heimasíðu leikskólans, í tölvupósti, með símtölum, tulkapjónustu og notkun samskiptabóka. Sameiginlegir fræðslufundir og upplifanir og sameiginlegar samskiptareglur við fjölskyldur og myndir á heimasíðu og veggjum.

Upplýsingar og auglýsingar fara einnig á hurðir á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítyngdir starfsmenn



sem deila sömu tungumálum með nokkrum börnum í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra. Má þá helst nefna pólsku.

Í námskrá Hólaborgar koma fram málræktarmarkmið leikskólans og leiðir. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf.

7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

18. september, 9. október, 2. janúar, 10. maí, 21. maí, 25. maí.

Leikskólar og grunnskólar efra Breiðholts eru með 3 sameiginlega starfsdaga á ári.

Á skipulagsdögum og starfsmannafundum er eftirfarandi áætlað

- Skipuleggja daglegt starf
- Taka þátt í sameiginlegum starfsdegi í Breiðholti
- Taka þátt í menntastefnumóti
- Fengin fræðsla um innra mat og gerð umbótaáætlana
- Starfsfólkið fari í námsferð ásamt leikskólunum Suðurborg og Hraunborg

8. Fylgigögn

Sigrún Grétarsdóttir

07.07'20

Leikskólastjóri

Dagsetning





Starfsáætlun 2020 – 2021

Hólaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Erla Agnes Álfhildardóttir
Linda Björk Pétursdóttir
Þórunn Sif Guðlaugsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Veturinn var erfiður í leikskólanum Hólaborg. Fyrst skall á verkfall Eflingarstarfsmanna sem varð til þess að Hólaborgin var alveg lokuð í nokkrar vikur. Verkfallið bitnaði mest á börnunum sem misstu af mikilvægu skólastarfi á meðan. Fljótlega eftir að verkfall leystist skall á samkomubann með tilheyrandi röskun á skólastarfi. Börnin máttu mæta annan hvorn dag og aftur riðlaðist mikilvægt skólastarf. Það er mat foreldraráðs að á meðan á þessu stóð, ríkti ró yfir Hólaborginni og starfsfólkið virtist afslappað og sama rólega viðmótið tók á móti börnum og foreldrum hvern dag. Börnin upplifðu ekki ringulreiðina sem ríkti í þjóðfélaginu því innan Hólaborgarinnar ríkti gleði og ró. Að okkar mati er sveigjanleiki einkennandi fyrir Hólaborgina og það sást eftir að samkomubanni lauk. Börnin höfðu misst af öskudegi vegna verkfalls en fengu öskudag í maí eftir að hafa óskað eftir því.

Að mati foreldraráðs kemur allt fram í starfsáætlun Hólaborgar sem þar á að vera fyrir utan ytra mat sem ekki var gert að þessu sinni. Okkur hugnast vel uppsetning starfsáætlunarinnar og má þar sérstaklega nefna umbótaáætlanir hvernar deildar. Þær eru skýrar og auðlesnar og ættu að vera gott og auðskilið vinnuskjal til að framfylgja.

Formið sem notast er við innra mat er ítarlegt og skilvirkt. Innra mat er gífurlega mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og því teljum við að þetta form muni tvímælalaust stuðla að bættu skólastarfi og hjálpa kennurum að gera þá vinnu, sem hefur farið fram, sýnilegri.

Áfram er áhersla á frjálsan leik og nú bætist við áhersla á sjálfræði og sjálfsefningu. Ánægjulegt er að sjá að innleiðing á Lubbanámsefni sé fyrirhuguð vorið 2021 sem er skemmtileg leið til að efla hljóðavitund barnanna og er góður undirbúningur fyrir lestrarnám.

Sem fyrr er starfsánægja starfsmanna Hólaborgar augljós þar sem góður stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Nokkuð hefur borið á langtímaveikindum starfsfólks sem er miður. Einn starfsmaður lauk fyrsta ári í leikskólakennaranámi og starfsmaður eldhúss hefur lokið námi til matartækis. Tveir starfsmenn luku fagnámskeiði Eflingar og einn starfsmaður hóf nám í leikskólaliðanum. Faglegt starf er því enn í hávegum haft á Hólaborginni okkar.

